

Verkalýðsfélag Grindavíkur umsögn um lagafrumvarð um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík

Verkalýðsfélagið fagnar framkomnu frumvarpi til lausnar á vanda Grindvíkinga í náttúruhamförum, þeim er nú ganga yfir félagið telur þó nokkur atriði þurfi að bæta í frumvarpinu og munum við fara yfir þau hér á eftir.

1. Kaupa ætti á brunabótamáti án skerðingar(100% verð)
Við sjáum að áætlað er að kaupin kosti 61 milljarð og mundu þá bætast við ca. 3 milljarðar sem munar ekki mikið um í stóru myndinni en myndi muna mjög miklu fyrir þá einstaklinga sem um ræðir en fæstir ef nokkrir munu verða jafnsettir eftir þessi uppkaup en áður.
2. Forkaupsréttur verði 5 ár en ekki 2 ár. Grundvallast það á því að flestir sérfræðingar í jarðfræði telja líkur á að lámarkstími jarðhræringa séu um 2 ár.
3. Mikilvægt er að fyrirsjáanleiki sé eins mikill og hægt er og því mikilvægt að bætt sé inn í frumvarpið með hvaða reglu forkaupsrétturinn er nýttur.
4. Frestur til ákvörðunar á sölu húsnæðis mætti vera lengdur fram á haust.

Virðingarfyllst

Hörður Guðbrandsson f/h Verkalýðsfélags Grindavíkur.